

# Afbrotatölfræði

## Mars 2010

### Bráðabirgðatölur fyrir allt landið




RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Hér eru birtar niðurstöður greiningar á afbrotatölfræði fyrir mars 2010. Til samanburðar er horft til sama mánaðar síðustu ára.

Í mars var fjöldi hegningarlaga-, umferðarlaga- og fíkniefnabrot 5.192. Þar af voru hegningarlagabrot 23%, umferðarlagabrot 75% og fíkniefnabrot 2% (mynd 1). Á síðustu árum hefur fjöldi hegningarlagabrot í mars verið í kringum 1.000-1.200 brot. Meiri sveiflur koma fram í fjölda umferðarlagabrot. Þau voru í kringum 4.500 á árunum 2006-2008 en 3.500-4.000 á árunum 2009-2010.

Hraðakstursbrotum fjölga um 21% milli ára 2009-2010. Fjölga eignarspjalla á sama tímabili nemur 10%, áfengislagabrotum fjölga um 9% og líkamsárásurum um 13%. Fækkun er í öðrum brotaflokkum. Hún er mest í ölvunarakstursbrotum en þeim fækkar um 28%. Innbrotum, nytjastuldi og akstri gegn rauðu ljósi fækkar um 19%, fíkniefnabrotum um 17%, og þjófnaðarbrotum um 12% (tafla 1).


Um leið og vorar má sjá sífellt fleiri á reiðhjólum. Samhliða fer þjófnum á þessum farartækjum fjölgandi. Á árinu 2009 voru skráðir 787 reiðhjólþjófnaðir. Flestar tilkynningar voru yfir sumarmánuðina eða 516 talsins. Brotunum fækkar yfir vetrarmánuðina og eru í lágmarki í desember. Á fyrstu þremur mánuðum þessa árs hafa 93 reiðhjólþjófnaðir verið tilkynntir. Nú þegar líður að sumri er mikilvægt að huga að reiðhjólunum og gæta þess að skilja þau ekki eftir ólæst.



Mynd 1. Fjöldi brota í mars 2005-2010 eftir tegund brots.

Tafla 1. Fjöldi í helstu brotaflokkum í mars 2008, 2009 og 2010.

	Mars 10	Mars 09	Mars 08
Hraðakstursbrot	2.999	2.474	2.749
þjófnaðarbrot	357	405	317
Eignarspjöll	278	253	233
Innbrot	268	329	149
Ölvun við akstur	71	99	179
Fíkniefnabrot	102	123	138
Áfengislagabrot	59	54	120
Líkamsárás (217.-218. gr.)	94	83	119
Akstur gegn rauðu ljósi	30	37	72
Nytjastuldur	29	36	39



Mynd 2. Fjöldi þjófnaða á reiðhjólum 2009 og fyrstu 3 mánuði ársins 2010.

# Afbrotatölfræði

## Mars 2010

### Bráðabirgðatölur fyrir allt landið



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Tafla 2. Fjöldi brota í mars 2008, 2009 og 2010 greint eftir umdæmum.

Umdæmi	Hegningarlagabrot			Umferðarlagabrot*			Fíkniefnabrot		
	2010	2009	2008	2010	2009	2008	2010	2009	2008
Akranes	21	11	19	36	84	198	2	3	1
Akureyri	46	46	38	53	70	111	3	14	10
Blönduós	5	4	4	25	44	118	0	1	1
Borgarnes	9	11	8	435	945	1.201	2	4	3
Eskifjörður	9	12	6	100	133	290	0	2	0
Húsavík	6	1	6	16	58	17	0	0	0
Hvolsvöllur	6	14	2	78	118	160	0	0	0
Höfuðborgarsvæðið	860	985	840	2.069	1.452	1.667	75	73	85
Sauðárkrókur	3	5	3	6	35	56	0	0	0
Selfoss	67	70	53	744	149	150	0	5	11
Seyðisfjörður	2	5	5	23	47	63	1	0	0
Snæfellsnes	7	4	10	113	12	139	0	1	0
Suðurnes	109	83	63	136	368	262	13	13	22
Vestfirðir	9	6	10	65	34	134	3	3	5
Vestmannaeyjar	13	9	14	19	25	32	3	4	0
<b>Alls</b>	<b>1.172</b>	<b>1.266</b>	<b>1.081</b>	<b>3.918</b>	<b>3.574</b>	<b>4.598</b>	<b>102</b>	<b>123</b>	<b>138</b>

\*Stafrænar hraðamyndavélar eru í umdæmi lögreglunnar í Borgarnesi, á Eskifirði, á höfuðborgarsvæðinu (Hvalfjarðargöng), á Selfossi og á Suðurnesjum.

Flest hegningarlagabrot voru skráð hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu eða 73%, hjá lögreglunni á Suðurnesjum 9%, á Selfossi 6% og 4% á Akureyri. Hjá öðrum embættum voru brotin tiltölulega fá. Hegningarlagabrotum hefur fjölgað verulega hjá embætti lögreglunnar á Suðurnesjum. Þau voru 109 í mars 2010 en 63 árið 2008. Þetta jafngildir 73% fjölgun brotanna.

Umferðarlagabrot voru 3.918 sem eru heldur fleiri brot en árið á undan. Tæplega 77% allra umferðarlagabrot má rekja til hraðaksturs sem voru 2.999 (tafla 1). Flest umferðarlagabrot eru skráð hjá embætti lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu eða 53%, 19% hjá lögreglunni á Selfossi og 11% í Borgarnesi.

Fíkniefnabrot voru 102 í mars 2010 en 123 árið á undan. Hjá sjö embættum voru engin fíkniefnabrot skráð en megin hluti brotanna er hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum.

#### Aðferðir og gögn

Hér eru birtar upplýsingar um stöðu brota eins og þau voru í málaskrá lögreglu þann 14. apríl 2010. Tölur fyrir árin 2009 og 2010 eru bráðabirgðatölur.

Hraðakstursbrot sem rekja má til stafrænna hraðamyndavéla eru nú skráð undir embættin þar sem brotin eiga sér stað.

Við samantekt tölulegra upplýsinga eru tilgreind öll brot sem tilkynnt voru lögreglunni. Önnur verkefni sem lögregla sinnir koma ekki fram í samantektinni. Hafa ber í huga að eitt atvik getur falið í sér fleiri en eitt brot. Til dæmis getur maður sem er stöðvaður vegna umferðarlagabrots fengið í sama máli kæru fyrir fíkniefni sem fundust í fórum hans.